

REGLUGERÐ

um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara.

1. gr.

Ákvæði samningsins um Evrópska efnahagssvæðið sem vísað er til í XII. kafla II. viðauka skulu öðlast gildi með breytingum og viðbótum sem leiðir af II. viðauka, bókun 1 við samninginn og öðrum ákvæðum hans. Á grundvelli ákvörðunar sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 49/2017, frá 17. mars 2017, öðlast eftirtaldar EB- og ESB-gerðir gildi hér á landi:

1. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 834/2007 frá 28. júní 2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara og til niðurfellingar á reglugerð (EBE) nr. 2092/91. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 18.
2. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 889/2008 frá 5. september 2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 41.
3. Reglugerð ráðsins (EB) nr. 967/2008 frá 29. september 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 125.
4. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1254/2008 frá 15. desember 2008 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 155.
5. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 710/2009 frá 5. ágúst 2009 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar að mæla fyrir um ítarlegar reglur um lífræn lagareldisdyr og framleiðslu á þangi og þara. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 334.
6. Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 271/2010 frá 24. mars 2010 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar kennimerki Evrópusambandsins fyrir lífræna framleiðslu. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 162.
7. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 344/2011 frá 8. apríl 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 169.
8. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 426/2011 frá 2. maí 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 171.
9. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 126/2012 frá 14. febrúar 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 að því er varðar skrifleg sönnunargögn og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá Bandaríkjunum Norður-Ameríku. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 193.
10. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 203/2012 frá 8. mars 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar ítarlegar reglur um lífrænt vín. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 200.
11. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 505/2012 frá 14. júní 2012 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu,

- merkingar og eftirlit. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 206.
12. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 392/2013 frá 29. apríl 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 að því er varðar eftirlitskerfið fyrir lífræna framleiðslu. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 288.
 13. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1030/2013 frá 24. október 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 312.
 14. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1364/2013 frá 17. desember 2013 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar notkun á ungvíði lagareldisdýra sem ekki er úr lífrænu eldi og ungvíði samlokna sem ekki er úr lífrænu eldi. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 314.
 15. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 354/2014 frá 8. apríl 2014 um breytingu og leiðréttingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 316.
 16. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 836/2014 frá 31. júlí 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 369.
 17. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1358/2014 frá 18. desember 2014 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 þar sem mælt er fyrir um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar uppruna lagareldisdýra úr lífrænu eldi, búskaparhætti í lagareldi, föður fyrir lagareldisdýr úr lífrænu eldi og vörur og efni sem leyfilegt er að nota við lífrænt lagareldi. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 392.
 18. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/673 frá 29. apríl 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 um lífræna framleiðslu og merkingu lífrænna vara að því er varðar lífræna framleiðslu, merkingar og eftirlit. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 24, frá 20. apríl 2017, bls. 441.
 19. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/1842 frá 14. október 2016 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 að því er varðar rafrænt skoðunarvottorð fyrir innfluttar lífrænar vörur og aðra tiltekna þætti og reglugerð (EB) nr. 889/2008 að því er varðar kröfur um rotvarðar eða unnar lífrænar vörur og sendingu upplýsinga. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2017, frá 22. september 2017. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67, frá 19. október 2017, bls. 453.
 20. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/838 frá 17. maí 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 889/2008 að því er varðar föður fyrir tiltekin lagareldisdýr úr lífrænu eldi. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 158/2017, frá 22. september 2017. Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 67, frá 19. október 2017, bls. 482.
 21. Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/872 frá 22. maí 2017 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1235/2008 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 834/2007 að því er varðar fyrirkomulag á innflutningi lífrænna afurða frá þriðju löndum. Reglugerðin var felld inn í EES-samninginn með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 220/2017 frá 15. desember 2017.

Reglugerðin er birt í EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins nr. 7, frá 1. febrúar 2018, bls. 633.

2. gr.

1. Atvinnurekandi, sem framleiðir lífrænar afurðir, sem falla undir gildissvið þeirra reglugerða sem taldar eru upp í 1. gr., skal tilkynna um þessa starfsemi til faggiltrar vottunarstofu fyrir lífræna framleiðslu.
2. Atvinnurekendur skulu miðla þeim viðbótarupplýsingum sem vottunarstofa telur nauðsynlegar til að halda uppi virku eftirliti með starfsemi þeirra.
3. Vottunarstofa skal tryggja að endurnýjuð skrá með nöfnum og heimilisföngum atvinnurekenda sem eftirlitskerfið gildir um sé aðgengilegt fyrir þá sem hagsmuna eiga að gæta.
4. Hver sá atvinnurekandi sem fer að ákvæðum þessarar reglugerðar og greiðir framlag sitt vegna eftirlitskostnaðar vottunarstofu skal hafa aðgang að eftirlitskerfi hennar.
5. Einkaleyfastofan faggildir vottunarstofur fyrir lífræna framleiðslu og annast eftirlit með þeim.

3. gr.

Um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar fer samkvæmt 7. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

4. gr.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 6. gr. laga nr. 162/1994 um lífræna landbúnaðarframleiðslu.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Á sama tíma fellur brott reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar.

Ákvæði til bráðabirgða.

Ljúka má framleiðslu og markaðssetningu þeirra lífrænu vara, sem hafin er fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, í samræmi við reglugerð nr. 74/2002 um lífræna landbúnaðarframleiðslu og merkingar.

~~- Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. maí 2017. -~~

~~- F. h. sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra,~~

~~- Ólafur Friðriksson. -~~

~~- Eggert Ólafsson. -~~

Fyrirvari

Reglugerðir eru birtar í B-deild Stjórnartíðinda skv. 3. gr. laga um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað, nr. 15/2005, sbr. reglugerð um útgáfu Stjórnartíðinda nr. 958/2005.

Sé misræmi milli þess texta sem birtist hér í safninu og þess sem birtur er í útgáfu B-deildar Stjórnartíðinda skal sá siðarnefndi ráða.